



# Yfirlæknir á sviði eftirlits

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lækni til starfa á sviði eftirlits. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á almenna þekkingu í læknisfræði, fagmennsku og samskiptahæfni.

## Helstu verkefni

- Þátttaka í að framkvæma, þróa og styrkja eftirlit með gæðum og öryggi í heilbrigðisþjónustu
- Þróa og efla notkun gæðavísa og öryggisviðmiða í heilbrigðisþjónustu
- Samstarf við helstu aðila innanlands og utan um eftirlit með heilbrigðisþjónustu
- Sérstök verkefni að beiðni landlæknis

## Kröfur um þekkingu og hæfni

- Sérfræðimenntun í læknisfræði
- Víðtæk starfsreynsla sem sérfræðilæknir
- Þekking/reynsla af gæðastarfi er kostur
- Menntun/reynsla á sviði stjórnunar er kostur
- Þekking/reynsla á sviði stjórnsýslu er kostur
- Góð færni í að rita íslensku og ensku
- Almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni

Viðkomandi mun vinna í nánu samstarfi við teymi sérfræðinga sem hefur umsjón með lögbundnu eftirliti landlæknis með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfi ásamt sýn á starfið sendist til Embættis landlæknis, á netfangið [halldorav@landlaeknir.is](mailto:halldorav@landlaeknir.is)

Frekari upplýsingar um starfið veitir Alma D. Möller landlæknir, netfang: [halldorav@landlaeknir.is](mailto:halldorav@landlaeknir.is) eða í síma 510 1900.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2018.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og Læknafélags Íslands.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is) • [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)